

LÖG

um varnir gegn fisksjúkdómum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið, gildissvið, skilgreiningar og stjórnsýsla.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda lífríki vatna, vatnafisk og lagardýr sem alin eru í eldisstöð á landi eða í sjó með því að sporna við sjúkdómum og sníkjudýrum.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings fisks og hrognna á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
7. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
8. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
9. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
10. *Hafbeit:* Slepning gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppi-stað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
11. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
12. *Laxastofn:* Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
13. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
14. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.

15. *Straumvatn*: Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
16. *Stöðuvatn*: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
17. *Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
18. *Vatnadýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
19. *Vatnafiskur*: Lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*)), áll (*Anguilla anguilla*) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
20. *Vatnasilungur*: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
21. *Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
22. *Villtur fiskstofn*: Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Landbúnaðarstofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna er fisksjúkdómanefnd. Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, einn samkvæmt tilnefningu Haf-rannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarstofnun skal hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í lögum þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

II. KAFLI

Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

5. gr.

Innflutningur lifandi ferskvatnsfiska.

Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra. Óheimilt er að sleppa í veiðivatn lifandi fiskum, lagardýrum eða vatnablöntum sem fluttar hafa verið til landsins.

6. gr.

Um innflutning skrautfiska.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að leyfa innflutning skrautfiska og hrogna þeirra með þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru svo að markmið laga þessara náist. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli þar að lútandi.

7. gr.

Timabundin viðkoma vegna flutnings á fiski.

Ef fiskur er fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi skal sá flutningur fara fram undir eftirliti Landbúnaðarstofnunar og hlíta þeim fyrirmælum sem stofnunin setur. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um slíkan flutning.

8. gr.

Sóttþreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar.

Skylt er að sóttþreinsa veiðitæki, veiðibúnað, báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið, enda liggi ekki fyrir fullnægjandi vottorð, að mati Landbúnaðarstofnunar, um að búnaðurinn hafi verið sóttþreinsaður erlendis. Landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd og eftirlit með sóttþreinsun samkvæmt grein þessari. Landbúnaðarráðherra getur falið tolyfirvöldum framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Innflutningur á dauðum fiski.

Landbúnaðarstofnun er rétt að banna innflutning á dauðum fiski, ferskum eða frystum, ef ástæða þykir til, t.d. vegna hættu á sjúkdómum og sníkjudýrum í vatnafiski. Slík fyrirmæli Landbúnaðarstofnunar skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Viðbrögð vegna sjúkdóma og sníkjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.

Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða sníkjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er Landbúnaðarstofnun heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir föngum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar.

11. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra skal, að höfðu samráði við Landbúnaðarstofnun, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun og erfðanefnd landbúnaðarins, eftir því sem við á, setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

Í reglugerð skal mælt fyrir um skilyrði innflutnings lifandi fisks, hrogna og svilja þar sem m.a. skal kveðið á um að fyrir hendi sé heilbrigðisvottorð og að fisksjúkdómanefnd mæli ekki gegn slíkum innflutningi. Þá skal nánar mælt fyrir um sóttþreinsun hrogna, íláta og umbúða innfluttra fiska, sem og meðferð þeirra að öðru leyti. Enn fremur skal í reglugerð mælt fyrir um framkvæmd sóttþreinsunar veiðibúnaðar. Jafnframt skal kveðið á um nánari skilyrði sem Landbúnaðarstofnun getur sett fyrir innflutningi á dauðum fiski.

Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnis-horna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski.

IV. KAFLI
Refsi- og gildistökuákvæði.

12. gr.

Um refsingar.

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári brjóti hann gegn ákvæðum 7. gr. af ásetningi eða gáleysi. Það varðar sömu refsingu brjóti maður af ásetningi eða gáleysi fyrir-mæli Landbúnaðarstofnunar skv. 9. gr. um bann við innflutningi á dauðum, ferskum eða frystum fiski.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Um leið falla úr gildi 78.–84. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005:* Í stað orðanna „lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði“ í a-lið 2. gr. kemur: lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.
2. *Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986:*
 - a. Í stað „nr. 76/1970“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: um varnir gegn fisksjúkdómum.
 - b. Í stað orðsins „fisksjúkdómanefndar“ í 5. tölul. 5. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um eldi vatnafiska. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Lands-sambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfissráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.